

# 198. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 4. maí 2017, kl. 17:00 í Aratungu

Mætt voru:

*Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Práinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð. Á fundinn voru mætt undir fyrsta dagskrárlið ungmennaráð Bláskógabyggðar, Jana Lind Ellertsdóttir, Ástrós Pálmadóttir, Styrmir Snær Jónsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson og Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir. Einnig var mættur starfsmaður ungmennaráðs, Ragnheiður Hilmarsdóttir.*

Helgi Kjartansson, oddviti sveitarstjórnar, lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi þrjár nýir dagskrárliðir 2.5, 9.6 og 9.7. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. **Ungmennaráð Bláskógabyggðar fundar með sveitarstjórn Bláskógabyggðar.**  
Ungmennaráð Bláskógabyggðar mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fulltrúar ungmennaráðsins kynntu áherslumál sín er varðar málefni ungmenna í sveitarfélaginu. Ungmennaráð gerði grein fyrir hugmyndum og tillögum ráðsins sem það hyggst leggja fyrir sveitarstjórn. Formleg tillaga og minnisblað mun verða sent inn fljótlega. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar lýsir yfir ánægju sinni með að starf ungmennaráðs Bláskógabyggðar sé byrjað og væntir góðs og árangursríks samstarfs við ráðið til að vinna markvisst að hagsmunamálum ungmenna í sveitarfélaginu.
2. **Fundargerðir til staðfestingar:**
  - 2.1. 182. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.  
Fundargerð samþykkt samhljóða.
  - 2.2. 131. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 29. mars 2017 – 17-51.

Mál nr. 3; Torfastaðir lnr. 167176: Frístundabyggð: Blönduð starfssemi:  
Deiliskipulagsbreyting – 1704002.

Lögð fram umsókn frá Stakri Gulrót ehf. dags. 23. mars 2017 um að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Torfastaða, 2. áfangi, verði breytt þannig að það leyfi að frístundahús verði leigð út sem gistihús.

Að mati sveitarstjórnar er ekki talið æskilegt að breyta skipulagi þannig að heimilt verði að nýta sumarhús sem gistihús nema að fyrir liggja að allir lóðarhafar á svæðinu samþykki skipulagsbreytinguna. Forsenda breytingarinnar er að gerð verði skipulagsbreyting þannig að á þessu skipulagssvæði verði ríkjandi landnotkun frístundabyggð, en verslun- og þjónusta möguleg. Skipulagsfulltrúa falið að vinna að útfærslu og verklagi við þá skipulagsbreytingu í samstarfi við landeigendur og hagsmunaaðila.

Mál nr. 4; Torfastaðir lnr. 167: 1. áfangi frístundabyggðar: Stærð húsa:  
Deiliskipulagsbreyting – 1703088.

Lögð fram umsókn Stáss arkitekta ehf. dags. 22. mars 2017 um breytingu á skilmálum 1. áfanga frístundabyggðar í landi Torfastaða. Óskað er eftir að heimilt verði að byggja frístundahús á bilinu 50-120 fm auk allt að 15 fm geymslu.

Skipulagsnefnd mælir með að skilmálum svæðisins verði breytt þannig að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0,03 eins og á flestum öðrum svæðum í sveitarfélagsinu. Einnig að heimilt verði að byggja allt að 40 fm aukahús. Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er slík breyting óveruleg og samþykkir sveitarstjórn hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum innan svæðisins.

Mál nr. 5; Neðri-Dalur 167157: Holtslóð: Stofnun lóðar – 1703097.

Lögð fram umsókn Neðri-Dals ehf. dags. 28. mars 2017 um stofnun 30,396 ha lóðar úr landi Neðri-Dals lnr. 167157 utan um núverandi frístundabyggð jarðarinnar. Gert er ráð fyrir að landið fái heitið Holtslóð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stofnun landsins. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 6; Miðhús land 202374: Hrútárvegur 1, 1a og 1b: Breytt heiti – 1703080.

Lögð fram umsókn Ríkarðs og Sigurjóns Sigurðssona dags. 27. mars 2017 um breytingu á heiti tveggja frístundahúsalóða í Hrútárveg 1A og 1B. Í dag heitir lóðin sem fyrirhugað er að skipta í tvær lóðir, Miðhús land (lnr. 202374).

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við breytt heiti lóðanna en lagt er til að allar lóðir innan svæðisins fái sama heiti. Skipulagsfulltrúa falið að kynna málið fyrir lóðarhöfum á svæðinu.

Mál nr. 7; Litla-Fljót 1 167148: Borgarás: 6 lögbýlislóðir: Deiliskipulag – 1610030.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir 6 lögbýlislóðir úr landi Litla-Fljóts.

Lýsing deiliskipulags var kynnt með auglýsingu sem birtist 23. mars 2017 auk þess sem hún var send til umsagnar Vegagerðarinnar, Heilbrigðisefirlits Suðurlands, Minjastofnunar og Skipulagsstofnunar. Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar dags. 3. apríl 2017.

Þrátt fyrir fyrirliggjandi umsögn Vegagerðarinnar, samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar að fyrirliggjandi tillaga að deiliskipulagi verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fellst ekki á rök Vegagerðarinnar og telur að umferðaröryggi sé ekki best fyrir komið að hafa aðkomuleið að þessum lögbýlislóðum eftir götum innan íbúðarsvæðis sem ekki hefur verið deiliskipulagt og er í eigu annars aðila.

Mál nr. 8; Efri-Reykir lóð 1 lnr. 167257: Stofnun 7 nýrra lóða:

Deiliskipulagsbreyting – 1606073.

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi landsins Efri-Reykir lóð 1 (lnr. 167257). Það sem hefur breyst frá þeirri tillögu sem hafnað varð að lokinni grenndarkynningu á fundi sveitarstjórnar 3. nóvember 2016 er að nú er gert ráð fyrir 4 nýjum lóðum nyrst á svæðinu í stað 7 lóða. Í staðinn hefur tveimur lóðum verið bætt við syðst á landinu.

Í ljósi þess að komið hefur verið til móts við athugasemdir sem bárust við fyrri tillögu samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar að grenndarkynna breytingartillöguna skv. 44. gr. fyrir eigendum aðliggjandi lóða og landeigenda Efri-Reykja.

Mál nr. 9; Gýgjarhóll 2: Stöðuleyfi: Listamannahús – 1704003.

Lögð fram umsókn um stöðuleyfi fyrir lítið listamannahús á jörðinni Gýgjarhóli 2 sem verður aðgengilegt ferðamönnum og öðrum sem vilja dveljast þar í styttri tíma.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir ekki að stöðuleyfi verði veitt í samræmi við fyrirliggjandi umsögn.

Mál nr. 10; Heiði lóð 23 – 24 – 25 23R lnr. 167328: Gróðurhús: Fyrirspurn – 1609040.

Lögð fram að nýju fyrirspurn um hvort að reisa megi allt að 40 fm gróðurhús á lóðinni Heiði lóð 23-24-25 23R.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagi svæðisins verði breytt á þann veg að heimilt verði að byggja allt að 40 fm aukahús á lóðinni. Er breytingin óveruleg að mati sveitarstjórnar og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum innan deiliskipulagssvæðisins.

Mál nr. 27; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17-51 – 1703004F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars 2017 lagðar fram til kynningar.

### 2.3. 132. fundur skipulagsnefndar.

Mál nr. 4; Miðhús lnr. 167150: Miðhús 2 Skemma: Stofnun lóðar: 1704038.

Lögð fram umsókn Hallgríms Guðfinnssonar dags. 6. apríl 2017, f.h. eigenda Miðhúsa lnr. 167150, um stofnun 445,2 fm lóðar utan um Véla/Verkfærageymslu (mhl. 16). Gert er ráð fyrir að ný lóð fái heitið Miðhús 2 skemma. Fram kemur kvöð á landi Miðhúsa um aðgengi að húsinu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Aftur á móti telur sveitarstjórn að breyta þurfi heiti lóðarinnar þannig að hún heiti Miðhús 2 og svo auðkennt með bókstaf, t.d. Miðhús 2a.

Mál nr. 5; Laugarvatn 224243: Land Grímsnes- og Grafningshrepps: Stofnun lóðar – 1611019.

Lagt fram lagfært lóðablað sem sýnir land sem Grímsneshreppur keypti úr landi Laugarvatns árið 1917. Landið var aldrei formlega stofnað en fyrir liggur kaupsamningur dagsettur 28. ágúst 1917 milli Böðvars Magnússonar og hreppsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps. Landamarkapunktur hafa verið hnitsettir en þó er gert ráð fyrir að texti afsals sé réttærri en hnitpunktar. Skráð stærð landsins verður 2.986 ha.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að landið verði stofnað og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 6; Skólavegur 1a: Umsókn um byggingarleyfi: Starfsmannahús 2 stk – 1704042.

Lögð fram umsókn um leyfi til að setja upp tvö 25 fm starfsmannahús á lóðinni Skólavegur 1a. Gert er ráð fyrir að húsin verði tímabundið á lóðinni án þess að tilgreint sé í umsókn hversu lengi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að bygging starfsmannahúsa á lóðinni samræmist skipulagi svæðisins og gerir ekki athugasemd við að gefið verði út byggingarleyfi fyrir húsunum, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga fyrir eigendum aðliggjandi lóða. Sveitarstjórn mælir með að ef engar athugasemdir berast við grenndarkynningu verði málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 7; Syðri-Reykir 2 167163: Mógil: Breytt nýting lands:

Aðalskipulagsbreyting – 1610013.

Á fundi skipulagsnefndar 13. október 2016 var tekin fyrir umsókn um breytingu á aðalskipulagi sem nær til landsins Syðri-Reykir 2 lnr. 167163. Var málinu þá frestað þar til fyrir lægju ítarlegri gögn um fyrirhugaða uppbyggingu. Er nú lagt fram bréf Péturs H. Jónssonar dags. 29. mars 2017 ásamt tveimur uppdráttum sem sýna fyrirhugaða uppbyggingu. Er gert ráð fyrir að svæðið skiptist upp í landbúnaðarsvæði, svæði fyrir verslun- og þjónustu, afþreyingar og ferðaþjónustusvæði og frístundabyggð. Er gert ráð fyrir baðaðstöðu, veitingaskála o.fl. 800-1000 fm, allt að 4.000 fm hótélbyggingu, 20-30 smáhýsum, fjórum frístundahúsalóðum og tveimur íbúðarhúsalóðum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að vísa málinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulagsins. Í ljósi umfangs fyrirhugaðra hugmynda mælir nefndin með að málið verði kynnt sérstaklega fyrir hagsmunaaðilum á bæjartorfunni.

Mál nr. 9; Herutún 6 lnr. 214891: Gistihús: Breytt notkun: Deiliskipulagsbreyting – 1704040.

Lögð fram umsókn eigenda Herutúns 6 á Laugarvatni, móttækin 6. apríl 2017, þar sem óskað er eftir að nýta megi húsið sem gistihús.

Með vísun í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er ekki heimilt að vera með gistirekstur á íbúðasvæðum aðra en heimagingu skv. 13. gr. reglugerðarinnar nema að viðkomandi hús sé samþykkt sem atvinnuhúsnaði og á svæði þar sem slík starfsemi er heimil. Í gildandi skipulagi svæðisins kemur ekki fram að starfsemi gistihúsa sé heimil á þessu svæði og er þar með ekki hægt að breyta notkun hússins í gistihús.

Mál nr. 11; Gistiheimilið Iðufelli lnr 167389 (Hótél Rætur): Aukið byggingarmagn: Deiliskipulagsbreyting – 1704043.

Lögð fram umsókn Norverks ehf. dags. 11. apríl 2017 þar sem óskað er eftir breytingu á skilmálum deiliskipulags sem nær til lóðar Gistiheimilisins Iðufell í Laugarási lnr. 167389. Samkvæmt gildandi skilmálum kemur fram að heimilt sé að byggja allt að 6.000 fm hótélbyggingu á lóðinni en skv. umsókn er óskað eftir að því verði breytt í allt að 6.900 fm.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við breytingu á skilmálum deiliskipulagsins. Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg þar sem hún vísar ekki að verulegu leiti frá nýtingarhlutfalli (úr 0,2 í 0,23), útliti og formi viðkomandi svæðis. Sveitarstjórn samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 12; Veiðilundur frístundasvæði: Miðfell: Deiliskipulag – 1511043.

Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 31. mars 2017 um deiliskipulag frístundabyggðarinnar Veiðilundur í landi Miðfells. Er þar gerð athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna ákvæða um fráveitu.

Þrátt fyrir umsögn Skipulagsstofnunar þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar deiliskipulagið og að birt verði auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda. Að mati sveitarstjórnar er óraunhæft að fara að kröfum um sameiginlega fráveitu á svæðinu.

Mál nr. 13; Stekkjarlundur frístundasvæði: Miðfell: Deiliskipulag – 1604012. Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 31. mars 2017 um deiliskipulag frístundabyggðarinnar Stekkjarlunds í landi Miðfells. Er þar gerð athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna ákvæða um fráveitu.

Þrátt fyrir umsögn Skipulagsstofnunar þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar deiliskipulagið og að birt verði auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda. Að mati sveitarstjórnar er óraunhæft að fara að kröfum um sameiginlega fráveitu á svæðinu.

- 2.4. Fundur NOS, nefndar oddvita og sveitarstjóra í Árnessýslu frá 25. apríl 2017. Varðandi 2. dagskrárlið, þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar fyrir sitt leyti að forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings verði veitt heimild til þess að ráða sálfræðing í verktöku til þjónustunnar í þeim tilgangi að létta á fyrirliggjandi biðlistum. Varðandi 3. dagskrárlið, þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar fyrir sitt leyti að Aldís Hafsteinsdóttir gangi til viðræðna við eigendur húseignar við Breiðumörk í Hveragerði um langtímaleigu húsnæðis og tilheyrandi breytingar á því fyrir Skóla- og velferðarþjónustuna.
- 2.5. 78. fundur stjórnar Bláskógaveitu. Fundargerð samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. 5. fundur ferðamálaráðs Uppsveitanna.  
3.2. 42. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.  
3.3. 43. fundur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.  
3.4. 18. fundur framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu.  
3.5. 14. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu.

### 4. Ársreikningur Bláskógabyggðar 2016 (síðari umræða).

Ársreikningur Bláskógabyggðar fyrir rekstrarárið 2016 lagður fram til annarrar og lokaumræðu hjá sveitarstjórn. Helstu lykiltölur ársreiknings samstæðu eru eftirfarandi í þúsundum króna:

#### *Rekstrarreikningur:*

Rekstrartekjur:	1.190.875
Rekstrargjöld:	984.921
Afskriftir	-38.352
Fjármagnsgjöld:	-20.028
Tekjuskattur:	-14.338
Rekstrarniðurstaða:	133.236

#### *Efnahagsreikningur:*

Eignir:	
Fastafjármunir:	1.035.541
Veltufjármunir:	343.947
Eignir samtals:	1.379.488

#### *Skuldir og eigið fé:*

Eigið fé:	791.173
-----------	---------

Langtímaskuldir:	411.096
Skammtímaskuldir:	177.219
Skuldir alls:	588.315
Eigið fé og skuldir samtals:	1.379.488
Nettó fjárfestingar ársins:	42.972
Handbært fé um áramót:	166.602
Veltufjárhlutfall:	1,94
Eiginfjárhlutfall:	57%
Skuldahlutfall:	49%

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi ársreikning Bláskógabyggðar fyrir rekstrarárið 2016 og áritaði hann.

Ársreikningur Bláskógaveitu 2016 var einnig lagður fram til afgreiðslu. Veitustjórn var búin að taka hann til afgreiðslu á 78. fundi sínum og samþykkja hann og vísa honum til afgreiðslu og áritunar hjá sveitarstjórn.

Helstu lykiltölur ársreiknings Bláskógaveitu eru eftirfarandi í þúsundum króna:

*Rekstrarreikningur:*

Rekstrartekjur:	92.458
Rekstrargjöld:	45.760
Afskriftir	-6.703
Fjármagnsgjöld:	-183
Tekjuskattur:	-14.338
Rekstrarniðurstaða:	25.473

*Efnahagsreikningur:*

Eignir:	
Fastafjármunir:	122.600
Veltufjármunir:	52.676
Eignir samtals:	175.276

*Skuldir og eigið fé:*

Eigið fé:	142.124
Langtímaskuldir:	7.654
Skammtímaskuldir:	25.498
Skuldir alls:	33.152
Eigið fé og skuldir samtals:	175.276

Nettó fjárfestingar ársins: 9.795

Handbært fé um áramót: 18.230

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi ársreikning Bláskógaveitu fyrir rekstrarárið 2016 og áritar hann.

**5. Bergholt, Kistuholti 3, Reykholti; aðstöðusköpun fyrir eldri borgara.**

Umræða varð um aðstöðusköpun fyrir eldri borgara í Bergholti, Kistuholti 3, Reykholti.

**6. Bókun Skeiða- og Gnúpverjahrepps um Laugarásjörðina.**

Lögð fram bókun frá fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 7. desember 2016. Í bókuninni kemur fram að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur eðlilegast að setja hlut Laugarásjarðarinnar sem er í eigu sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu í sölu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að skoða forsendur málsins og afla gagna. Jafnframt að eiga viðræður við forsvarsmenn hinna eignaraðilanna.

**7. Þingmál til umsagnar:**

7.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingi, dags. 28. apríl 2017; tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017 – 2021 (þingmál 434).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017 -2021.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við fram lagða tillögu til þingsályktunar að svo komnu máli.

7.2. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 28. apríl 2017; frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna (þingmál 436).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við fram lagt frumvarp að svo komnu máli.

7.3. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 28. apríl 2017; frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði (þingmál 435).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við fram lagt frumvarp að svo komnu máli.

7.4. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 28. apríl 2017; frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórnnum) (þingmál 375).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við fram lagt frumvarp að svo komnu máli.

**8. Yfirlýsing um samstarf og samráð vegna Hagavatns.**

Lögð fram drög að yfirlýsingu um samstarf og samráð um að endurheimta fyrri hámarksstærð Hagavatns. Aðilar að framlagðri yfirlýsingu yrðu eigendur

Úthlíðartorfunnar, Bláskógabyggð og Íslensk Vatnsorka ehf. Endurheimt fyrri hámarksstærð Hagavatns samræmist þeirri stefnumörkun sem kemur fram í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að standa að framlagðri yfirlýsingu og felur Helga Kjartanssyni, oddvita, að undirrita yfirlýsinguna fyrir hönd Bláskógabyggðar.

## 9. Innsend bréf og erindi:

- 9.1. Bréf Fannborgar ehf, dags. 2. maí 2017; Kerlingarfjallaafleggjari – F347.  
Lagt fram bréf Fannborgar ehf þar sem óskað er eftir viðbrögðum sveitarstjórnar Bláskógabyggðar við tveimur framkvæmdum á Kerlingarfjallaafleggjar, F347. Í fyrsta lagi er það hugmynd um að byggja brú yfir Blákvísl í stað röra sem sett eru niður á vorin og tekin upp að hausti. Í öðru lagi er áhugi fyrir því að lagfæra hluta vegarins á milli Blákvíslar og Jökulfalls sem er mjög niðurgrafinn og erfiður yfirferðar þegar farið er að snjóá að hausti. Þar er einnig hjáleidd sem er mun snjóléttari. Áhugi er fyrir því að gera hjáleiddina að aðalleidd og afleggja núverandi aðalleidd á þessum kafla. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að óska eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þessara hugmynda og upplýsa um hvaða formsatriði og leyfi þurfi til að þessi verkefni nái fram að ganga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins þar til umsögn skipulagsfulltrúa liggur fyrir.
- 9.2. Tölvuskeyti skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, dags 2. maí 2017; tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar.  
Lagt fram tölvuskeyti skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem lítur að svæði fyrir þjónustustofnanir austan gatnamóta Vesturlandsvegur og Skarhólabrautar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við framlagða tillögu að breytingu aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011 – 2030.
- 9.3. Bréf HS Orku hf, dags. 27. apríl 2017; umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdum virkjunar efri hluta Tungufljóts – Brúarvirkjun. Lögð fram umsókn HS Orku dags. 27. apríl 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdum vegna Brúarvirkjunar sem er 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts. Þær framkvæmdir sem sótt er um eru eftirfarandi:
- Efnistaka á um 18.000 m<sup>3</sup> efnis úr námu E, sunnan Biskupstungnabrautar
  - Veglagning frá stöðvarhúsi að inntaki
  - Plan undir vinnubúðir verktaka
  - Lagning rafstrengs og ljósleiðara milli stöðvarhúss og inntaks
  - Tenging við dreifikerfi Rarik
  - Lagning vatnsveitu
  - Uppsetning girðinga
- Meðfylgjandi er greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 27. apríl 2017, yfirlitsmynd af virkjanasvæði, greinargerð um efnistöku og haugsetningu dags. 11. ágúst 2016, virkjanaleyfi Orkustofnunar dags. 24. apríl 2017, matsskýrsla Brúarvirkjunar og álit Skipulagsstofnunar dags. 20. september 2016. Í kafla 7 Vöktun og eftirlit, í greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi, kemur fram hvernig staðið verður við skilyrði sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar varðandi endurheimt votlendis og birkikjarrs og rannsókn á varpi straumandar í eða við lónstæði. Í breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið kemur fram að áður en gefið er út framkvæmdaleyfi þurfi að liggja fyrir lega 33 kV jarðstrengs frá virkjun að Reykholti ásamt yfirlýsing landeigenda/umráðenda lands um að þau leggist ekki gegn framkvæmdinni. Endanleg staðfesting á legu jarðstrengs liggur ekki fyrir og er því eingöngu sótt um framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdum. Þegar staðfesting á legu liggur fyrir verður sótt um framkvæmdaleyfi fyrir virkjunarframkvæmdunum sjálfum og verða þá einnig lögð fram nákvæmari hönnunargögn.



Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er fyrirhuguð umsókn í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag svæðisins ásamt skilyrðum sem fram koma í álitni Skipulagsstofnunar. Á yfirlitsupprætti er settur fram sá möguleiki að hnika vegi frá stöðvarhúsi að stíflu örlítið til á stuttum kafla en að mati sveitarstjórnar er um svo óverulegt frávík að ræða að ekki sé þörf á að gera breytingu á gildandi deiliskipulagi sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Er umsókn um framkvæmdaleyfi samþykkt og er skipulagsfulltrúa falið að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

- 9.4. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 27. apríl 2017; beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir rekstur gististaðar í flokki II að Felli í Biskupstungum.  
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir rekstur gististaðar í flokki II að Felli. Umsækjandi er Gralli ehf, kt. 620317-0470.  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar óskar eftir afstöðu skipulags- og byggingarfulltrúa til umsóknarinnar og frestar afgreiðslu erindisins þar til umbeðin afstaða liggur fyrir.
- 9.5. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. apríl 2017; athugun á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Bláskógabyggð.  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar vegna athugunar á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Bláskógabyggð.  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela stýrihóp og skipulagsráðgjöfum að yfirfara innsent bréf og vinna úr framsettu athugasemdum. Stefnt skal að því að hafa aðalskipulagstillöguna tilbúna til auglýsingar í byrjun júní og verði hún lögð fram á næsta fundi sveitarstjórnar áður en til auglýsingar kemur.
- 9.6. Samningur um uppgræðslu lands í landi Hóla, Biskupstungum.  
Lögð fram drög að samningi milli Bláskógabyggðar og Mountaineers um samstarf um aðgerðir til kolefnisbindingar með uppgræðslu og skógrækt á spildu úr jörðinni Hólar í Bláskógabyggð. Um er að ræða 100 ha landspildu og staðsetning hennar er sýnd á korti merkt fylgiskjal I með samningnum.  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að ganga til samninga á grundvelli þessara samningsdraga en sveitarstjóra og oddvita falið að yfirfara samninginn og láta gera einstaka lagfæringar í takt við umræður á fundinum. Helga Kjartanssýni að undirrita samninginn fyrir hönd Bláskógabyggðar eftir lagfæringar.
- 9.7. Umsókn um tímabundið leyfi fyrir þyrlulendingarsvæði í landi Úthlíðar II.  
Á fundi skipulagsnefndar þann 9. mars 2017 var tekin fyrir fyrirspurn um landingarsvæði fyrir þyrlu í landi Úthlíðar. Fékk málið eftirfarandi afgreiðslu:

*Lögð fram fyrirspurn um hvort að heimilt verði að setja upp landingarsvæði fyrir þyrlu sunnan þjóðveggar í landi Úthlíðar II. Jafnframt yrði sett upp tímabundin aðstaða í tengslum við starfsemina, þ.e. 120 fm tjaldskýli og um 25 fm aðstöðuskúr / neyðarskýli.  
Afgreiðslu frestað þar til fyrir liggur umsögn Samgöngustofu, Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar um málið.*

Nú liggja fyrir viðbrögð frá þeim aðilum sem tilgreindir eru í bókun skipulagsnefndar. Vegagerðin og samgöngustofa gera ekki athugasemd við málið en að mati Skipulagsstofnunar er það í ósamræmi við skipulag að gera ráð fyrir þessari starfsemi á þessum stað.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að gefið verði tímabundið leyfi fyrir þessari starfsemi nú á þessu ári. Ef reynslan sýnir að framhald verður á þessari starfsemi eftir þetta sumar, þá óskar sveitarstjórn eftir því að unnin verði tillaga að breytingu á skipulagi þar sem gert yrði ráð fyrir þessari starfsemi á umræddum stað.

9.8. Staða mála varðandi ráðningu skólastjóra Bláskógaskóla, Reykholti.

Alls bárust 7 umsóknir um starfið.

Anna Gréta Ólafsdóttir

Ásta Kristjana Guðjónsdóttir

Guðrún Þórðardóttir

Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir

Hreinn Þorkelsson

Lilja Írena Guðnadóttir

Margrét Pétursdóttir

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela Bryndísi Ástu Böðvarsdóttur, Helga Kjartanssyni og Óttari Braga Þráinssyni að vinna að tillögu að ráðningu í starfið með aðstoð ráðgjafans Ingvars Sigurgeirssonar og Valtýs Valtýssyni, sveitarstjóra.

**10. Mál til kynningar:**

10.1. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. apríl 2017; umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018 – 2022.

10.2. Ársfundur Umhverfisstofnunar, föstudaginn 12. maí 2017.

10.3. Kynningarfundur SASS um fjarnám á háskólastigi.

Fundi slitið kl. 21:15.

\_\_\_\_\_  
Helgi Kjartansson, oddviti

\_\_\_\_\_  
Valgerður Sævarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Óttar Bragi Þráinsson

\_\_\_\_\_  
Kolbeinn Sveinbjörnsson

\_\_\_\_\_  
Guðrún S. Magnúsdóttir

\_\_\_\_\_  
Eyrún M. Stefánsdóttir

\_\_\_\_\_  
Bryndís Á. Böðvarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Valtýr Valtýsson